



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/10*  
*komudagur 21.10.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og trygginganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 21.10 2009  
Mál 200910-0016

**Efni:** Umsögn um frumvarp um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins (69 mál).

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þessa máls. Frumvarpið skapar ramma utan um frjálsa greiðsluáðlögunarsamninga þar sem tekið er heildstætt á öllum skuldum. Um leið og ASÍ fagnar því er vakin athygli á, að sá hópur sem ekki mun eiga kost á frjálsri greiðsluáðlögun vegna þess að hann er þegar kominn í veruleg vandræði eða stefnir í þau vegna skyndilegs tekjufalls, atvinnumissis o.fl. þarf að sæta mun flóknari, tímafreakari og dýrari meðferð en sá hópur sem njóta mun hagræðis 2.gr. frumvarpsins. ASÍ hvetur Alþingi til að flýta eins og kostur er endurskoðun á ákvæðum gjaldprotalaga um greiðsluáðlögun og lögum um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðskulda og tryggja að þau lög nýtist þeim einstaklingum og heimilum sem veikast standa réttláta og sanngjama meðferð í greiðsluvandræðum sínum.

Jafnframt eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

- a. Í 4.gr. er kveðið á um sjálfvirka greiðslujöfnun verðtryggðra lána og fagnar ASÍ þeirri tillögu en bendir á að í lögunum er ekki að finna sambærilega heimild til greiðslujöfnunar gengistryggðra lána og hvetur til þess að slík heimild verði tekin upp í lög.
- b. Leita þarf leiða til þess að ekki þurfi að þinglýsa skilmálabreytingum eða leita samþykkis annarra veðhafa fyrir henni. Ein leið gæti verið sú, að breyta ákvæðum laga um verðtryggingu þ.a. að greiðslujöfnun yrði almennur og óaðskiljanlegur hluti verðtryggingarinnar sjálfrar og félli þannig undir almenn ákvæði viðkomandi skuldabréfs og þarfnaðist því ekki þinglýsingar.
- c. Skv. 6.gr. er veitt heimild til stofnunar heildsölubanka eins og nánar er útskýrt í ákvæðinu. ASÍ telur að tillaga þessi hafi ekki hlotið nægilega umræðu en um verulega stefnubreytingu er að ræða verði heimildin nýtt. ASÍ leggur jafnframt áherslu á, að eigin fé Íbúðalánasjóðs sé betur varið til þess að standa undir auknu álagi vegna ráðstafana í þágu núverandi lántaka í greiðsluvandræðum og til þess að byggja undir almenna lánastafsemi sjóðsins.



- d. Í greinargerð með 2.gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir til þess að binda lánsamninga við launavísitölu og vísað til hugsunar á bak við ákvæði 2.gr. Þar er hvergi fjallað um að binda lánsamninga við launavísitölu. ASÍ varar við því að taka upp verðtryggingu lána m.v. launavísitölu, almenn t séð hækka laun meira en verðlag í formi þess að kaupmáttur landsmanna eykst yfir tíma. Lögin um greiðslujöfnun gera ráð fyrir að jafna greiðslubyrði lána með því að tryggja að greiðsluseðill hækki ekki meira en sem næmur greiðslujöfnunarvísitölu og mismunurinn lagður inn á sérstakan jöfnunarreikning sem síðan er greitt út af eftir ákveðnum reglum. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að tengja höfuðstól lána slíkri viðmiðun. Minna má á að 1995 var samsetningu lánskjaravísitölnnar breytt með því að fella út bæði launavísitölu og byggingavísitölu, en fram til þess tíma voru lánin okkar að 2/3 hluta tengd launum.

Að lokum vekur ASÍ athygli á, að nauðsynlegt er að endurskoða reglugerð nr. 54/2001 þ.a. að þau úrræði sem Íbúðalánasjóður nýtist látökum sjóðsins, óháð því hvort þeir eru komnir í vanskil eða ekki sbr. m.a. 10.gr. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl,  
lögfræðingur ASÍ.